

Minnisblað

Til: Menningarmálanefnd
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs
Dags. 25. mars 2022
Mnr. 2021050083



ÍSAFJARÐARBÆR

Menningarstefna Ísafjarðarbæjar 2022-2032

Ferill málს þessa er sá að á 158. fundi menningarmálanefndar, þann 9. júní 2022, var lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 26. maí 2021, þar sem lagt er til við menningarmálanefnd að leita samþykkis bæjarstjórnar fyrir gerð menningarmálastefnu Ísafjarðarbæjar í samræmi við tilboð frá Vestfjarðarstofu og að gert verði ráð fyrir kostnaði vegna þessa í fjárhagsáætlun ársins 2022. Á fundinum lagði menningarmálanefnd til við bæjarstjórn að samþykkja að unnin verði menningarmálastefna fyrir Ísafjarðarbæ, og að gert verði ráð fyrir fjármagni vegna þessa í fjárhagsáætlun ársins 2022. Var vinnsla stefnunnar og fjármunir vegna þess samþykkt á 478. fundi bæjarstjórnar, þann 24. júní 2021, með öllum greiddum atkvæðum.

Á 162. fundi menningarmálanefndar, þann 10. febrúar 2022, komu Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu og Skúli Gautason, menningarfulltrúi Vestfjarðastofu til umræðu um málið og tekin ákvörðun um tímálinu og tilhögun verkefnisins. Ákveðið var að mynda stýrihóp og samráðshóp, auk þess að halda opinn íbúafund um stefnuna undir lok vinunnar. Áætlað var að skila drögum að stefnu til samþykktar hjá bæjarstjórnar í apríl 2022, og í kjölfarið yrði unnin innleiðingar- og aðgerðaáætlun, til samþykktar hjá nýrri bæjarstjórn haustið 2022.

Í stýrihópnum sátu Ásgerður Þorleifsdóttir, formaður menningarmálanefndar, Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og starfsmaður menningarmálanefndar, og Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi. Í samráðshóp voru valdir rúmlega tuttugu aðilar með fjölbættan bakgrunn á öllum sviðum lista, menningar og skapandi greina, frá öllum byggðakjörnum og frá mismunandi löndum. Eftirtaldir aðilar sátu fundi samráðshóps, einn eða fleiri: Inga María Guðmundsdóttir, Bergþór Pálsson, Steinþór Bjarni Kristjánsson, Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Edda B. Kristmundsdóttir, Elfar Logi Hannesson, Halldóra Jónasdóttir, Eiríkur Örn Norðdahl, Ingi Björn Guðnason, Jón Sigurpálsson, Eyþór Jóvinsson, Jóna Símonía Bjarnadóttir, Finney Rakel Árnadóttir, Sædís Þórssdóttir, Catherine Chambers, Birta Bjargardóttir, og Katrín Gisladóttir. Verkefnastjóri var Skúli Gautason, menningarfulltrúi Vestfjarðastofu.

Stýrihópur fundaði í febrúar og mars 2022, og í mars 2022 kom samráðshópur saman á þremur vinnufundum vegna gerð stefnunnar. Þá var opnað fyrir hugmyndabanka í gengum vefsíðuna Betra Ísland. Þann 24. mars 2022 var haldinn opinn íbúafundur til kynningar og samráðs um stefnuna. Var hann haldinn í Safnahúsi. Í kjölfar þessa var farið yfir niðurstöður, umsagnir og tillögur frá íbúafundi og af síðunni Betra Ísland. Niðurstaða þessarar vinnu er *Menningarstefna Ísafjarðarbæjar 2022-2032*, og er hún nú lögð fram til samþykktar á 163. fundi menningarmálanefndar þann 28. mars 2022, með von um að henni verði vísað til samþykktar hjá bæjarstjórn þann 7. apríl 2022.

Í upphafi vinnunnar var gerð fjárhagsgreining um stöðu menningarmála hjá sveitarféluginu, þ.e. hvert fjármagn frá sveitarsjóði rennur. Þá voru menningarmál í Ísafjarðabæ, bæði hjá sveitarféluginu sjálfu og einkaaðilum, kortlögð. Nauðsynlegt þótti að sjá stöðu mála og hafa góða yfirsýn yfir hvað nú er gert til að átta sig á hvert viljinn er að stefna. Þá voru aðrar menningarstefnur hafðar til hliðsjónar við gerð menningarstefnu Ísafjarðarbæjar, s.s. ný menningarstefna Íslands, Reykjavíkurborgar, og annarra sveitafélaga, auk þess sem horft var til Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar, sem grunnstef ákvarðanatöku þegar horft er til framtíðar.

Vinna samráðshóps fólst í því að móta stefnu sveitarfélagsins, þá sýn sem samfélag okkar í Ísafjarðarbæ vill sjá til framtíðar; listafólk, menningarfólk, hagsmunaðilar, starfsmenn og stjórnarmenn stofnana, kjörnir fulltrúar, íbúar, gestir og aðrir.

Horft var til þess að Ísafjarðarbær stendur á sterkum grunni menningararf og menningarhefða, og að í fámennum samfélagögum skiptir hver einstaklingur máli og fær því auðveldlega tækifæri og stuðning til að framkvæma hugmyndir sínar. Í þessu felst sérstaða svæðisins. Horft til þessa voru sett fram fjögur leiðarljos sem er meginstefið í gegnum alla stefnuna.

- Ísafjarðarbær vaxi sem framúrskarandi menningarsamfélag sem vekur athygli fyrir öflugt lista- og menningarlíf.
- Ísafjarðarbær verði ávallt eftirsóknarverður staður til búsetu og áhugaverður áfangastaður.
- Ísafjarðarbær styðji og hvetji til þátttöku íbúa í menningarlífinu.
- Menningin sameini íbúa og gesti Ísafjarðarbæjar.

Stefnan er því næst sett fram í fjórum köflum:

1. Allir íbúar fái að njóta menningar og lista
2. Söfn, menningarhús og menningarstofnanir
3. Frjótt umhverfi fyrir listir og skapandi greinar
4. Grænar áherslur og umhverfi

Auk þess verður kortlagning menningarmála hjá Ísafjarðarbæ sett fram á myndrænan hátt og lögð fram með stefnunni, auk hugmyndabanka um þær aðgerðir sem fram hafa komið og kortlagningu menningarmála í öllum bæjarkjörnum. Hugmyndabankinn verður lagður fram með stefnunni, en eins og fyrr segir verður unnið að gerð aðgerða- og kostnaðaráætlunar næstu vikur og mánuði, til samþykktar hjá nýrri bæjarstjórn við fjárhagsáætlunarvinnu ársins 2023, nú á haustdögum. Í ljósi þess mun hugmyndavefur menningarstefnunnar hjá Betra Ísland lifa áfram næstu mánuði.

Ein og sér stendur menningarstefna Ísafjarðarbæjar í tómarúmi. Henni þarf að fylgja áætlun um aðgerðir og fjármuni til góðra verka. Það er því einlæg ósk menningarmálanefndar, starfsmanna Ísafjarðarbæjar og listafólks í Ísafjarðarbæ, að nýskipuð bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, vorið 2022, samþykki aðgerðaáætlun til næstu ára.

Ísafjarðarbær #parsemlistinálögheimili

